

**Kynningarfundir umhverfis- og auðlindaráðherra  
um drög að frumvarpi um nýja stofnun fyrir verndarsvæði á Íslandi**



Umhverfis- og auðlindaráðherra boðar til funda með sveitarfélögum, umhverfisverndarsamtökum, ferðamálasamtökum og útivistarsamtökum þar sem kynnt verða drög að frumvarpi um nýja stofnun sem ætlað er að hafa með höndum umsýslu allra þjóðgarða á Íslandi og annarra friðlýstra svæða auk almennrar náttúruverndar.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að þjóðgarðarnir þrír, Vatnajökulsþjóðgarður, þjóðgarðurinn á Þingvöllum og þjóðgarðurinn Snæfellsjökull, verði sameinuð í eina stofnun sem og önnur friðlýst svæði landsins. Þá verði undirbúningur friðlýsinga, eftirlit á friðlýstum svæðum og stjórnun þeirra meðal verkefna hinnar nýju stofnunar.

Helstu markmið með stofnuninni er að efla náttúruverndarsvæði með einföldun stjórnkerfis, aukinni skilvirkni og samnýtingu þekkingar. Með yfirsýn yfir málefni friðlýstra svæða á einum stað skapast breiður vettvangur til heildstæðrar stefnumótunar til lengri tíma.

Í skipulagi og fyrirkomulagi stjórnunar stofnunarinnar er lögð áhersla á valdreifingu og aðkomu sveitarfélaga og samtaka almennings að stjórnun og stefnumótun svæðanna sem undir hana heyrja.

Vinsamlegast tilkynnið þátttöku í fundunum á netfangið [gudny.ingadottir@uar.is](mailto:gudny.ingadottir@uar.is)



UMHVERFIS- OG  
AUÐLINDARÁÐUNEYTIÐ

Fundir verða haldnir á eftirfarandi stöðum:

15. ágúst í félagsheimilinu Dalabúð, Búðardal  
kl. 15:30 – 17:30

16. ágúst í Pakkhúsinu, Hólmavík  
kl. 15:30 – 17:30

22. ágúst í Rauða kross salnum, Strandgötu 24,  
Hafnarfirði kl. 15:00 – 17:00

23. ágúst á Hótel Kea, Akureyri  
kl. 15:30 – 17:30

28. ágúst á Hótel Héraði, Egilsstöðum  
kl. 15:00 – 17:00

3. september á Fosshótel Vatnajökli, Höfn í  
Hornafirði kl. 10:15 – 12:15

3. september í félagsheimilinu Hvoli, Hvolsvelli  
kl. 17:00 – 19:00



**Guðný Lára Ingadóttir, ritari yfirstjórnar / Secretary to the Permanent Secretary**

Skrifstofa yfirstjórnar / Senior Management  
Umhverfis- og auðlindaráðuneytið / Ministry for the Environment and Natural Resources  
Skuggasund 1, 101 Reykjavík, Iceland  
Sími / Tel: (+354) 545 8600 • Fax: (+354) 562 4566  
[www.umhverfisraduneyti.is](http://www.umhverfisraduneyti.is) - [Fyrirvari/Disclaimer](#)

Vinsamlegast hugið að umhverfinu áður en tölvupósturinn er prentaður / Please consider the environment before printing



**Fögnum 100 ára fullveldi Íslands  
100 árs suverænitet i Island  
100 years of sovereignty in Iceland**